

Reglugjörð

64
7. júlí

um hreinsun reykháfa í Stykkishólmskaupþúni.

1. gr.

Skipa skal sótara í Stykkishólmskaupþúni. Hreppsnefnd Stykkishólms-hrepps útvegar hæfan mann til starfans, fær honum skipunarbrjef og leggur honum til, á kostnað sveitarsjóðs, nauðsynleg áhöld til hreinsunarinnar.

2. gr.

Alla reykháfa í kaupþúninu skal sótari hreinsa tvisvar á ári. Í fyrra skiftið á tímabilinu 1.—30. apríl, og í síðara skiftið á tímabilinu 1.—30. nóvember ár hvert. Skulu allir húseigendur og leigjendur húsa í kaupþúninu, skyldir að nota sótara til hreinsunarstarfans og að heimila honum aðgang að húsum sínum í því skyni, enda beri sótari ábyrgð á framkvæmd hreinsananna á hinum ákveðnu tímabilum.

Ekki má hreinsa reykháfa með því að brenna sótið innan úr þeim.

3. gr.

Aukahreinsun á reykháfum skal fara fram þegar nauðsyn krefur, og ber þeim sem í húsunum búa, að tilkynna það sótara ef þeir álíta þörf á nýrri hreinsun, og er sótari skyldur, þegar þess er krafist, að framkvæma aukahreinsun, svo fljótt sem hann fær því viðkomið og ekki seinna en innan 3ja daga, frá því að óskað er eftir hreinsun.

Ofna og eldavélar og pípur frá þeim, ber þeim, sem í þeim herbergjum búa, sem eldstæðin eru í, skylda til að láta hreinsa svo oft, sem þörf krefur. Sú hreinsun heyrir ekki undir starfssvið sótara.

4. gr.

Sótara er skylt að líta eftir því, þegar hreinsun fer fram, hvort eldstæði og reykháfar eru í því ástandi sem krafist er í brunamálalögunum og ber honum að tilkynna það umboðsmanni Brunabótafjelags Íslands á staðnum ef hann verður var við misbresti í því efni.

5. gr.

Hreinsunargjald fyrir hvern reykháf skal í hvert skifti vera: Fyrir einlyft hús 1 kr., fyrir einlyft hús með porti eða risi til íbúðar 2 kr., fyrir tvílyft hús með porti eða risi til íbúðar 2 kr. 50 aur., fyrir þrílyft hús 3 kr.

64 Verði ágreiningur um gjaldhæð samkvæmt þessu, leggur hreppsnefnd
7. júlí fullnaðarúrskurð á um það.

Gjaldið er fallið til greiðslu þegar að aflokinni hverri hreinsun, og má taka það lögtaki.

Húseigandi er skyldur að greiða gjaldið ef hann býr í húseigninni eða hann hefir leigt hana fleirum en einum leigjanda; þegar svo stendur á skulu þó leigjendur ef krafist er, skyldir að greiða gjaldið eftir skiftingu hreppsnefndar á gjaldinu milli þeirra innbyrðis. Sje húseign leigð einum manni, skal leigjandi skyldur til að greiða gjaldið. Hreppsnefnd ákveður í hvert skifti hvort nefndin eða sótarinn skuli hafa gjaldheimtuna á hendi.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóv. 1907, og tillögum hreppsnefndar Stykkishólmshrepps til að öðlast gildi 1. ágúst 1922 og birt til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.